



## 5. stjórnarfundur EBAK 18. nóvember 2020.

**Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Eva B Magnúsdóttir Birgir Svavarsson og Sigurður Harðarson**

1. **Fundarsetning.** kl. 13:05
2. **Fundargerð síðasta fundar borin upp** samþykkt með lítilsháttar breytingu.
3. **Viðvera í Bugðusíðu.** Síðustu tvær vikur hefur ekki verið nein viðvera vegna sóttvarna. Viðveru frestað þar til opnað verður í Bugðusíðunni.
4. **Næsti stjórnarfundur.** Tillaga um 16. desember. Samþykkt.
5. **Frá síðasta stjórnarfundu.**
  - a. **Influensubólusetning.** Inflúensubólusetningin gekk mjög vel en var mikil vinna fyrir starfsmenn félagsmiðstöðvanna.
  - b. **Hækkun gjaldskrár í Hlíðarfjalli.** Bæjarráði var sent bréf og Fréttablaðið birti grein með viðtali við Hallgrím. Bæjarráð ákvað að breyta ekki gjaldskránni frá því sem áður var ákveðið
  - c. **Hreyfihópur fyrir hægfara.** Ekkert hægt að gera fyrr en sóttvörnum verður aflétt.
  - d. **Leiðakerfi strætó.** Ebak hefur sent athugasemdir og hugleiðingar með notendaráði og einnig sendi öldungaráð sérstaklega um aðgengi að heilsugæslustöðinni og Boganum. Hagahverfið og fleiri hverfi eru ekki tengd
  - e. **Grein í vikublaðinu um EBAK.** Hjörleifur Hallgríms hefur rekið eftir að Vikublaðið birti kynningarefni um EBAK. Blaðið hefur birt greinina.
6. **Akureyrarbær og Bugðusíða.**
  - a. **28. okt. var fundur um húsnæðismál** þar sem Hallgrímur og Hákon form. húsnæðisnefndar hittu Andra Teitsson og Sóley Björk Stefánsdóttur frá Akureyrarbæ. Einnig voru rædd starfsmannahald í Buðgusíðu.
  - b. **12. október var fundur með fulltrúum Akureyrarbæjar um málefni eldri borgara.** Málefni eldri borgara tilheyrðu búsetusviði og fjöskyldusviði en þessi svið verða sameinuð í nýtt svið sem kallast velferðasvið. Einnig vat rætt um starfsmannahald í Bugðusíðu og nýjan samning. Svæði sunnan félagsmiðstöðina hefur ekki verið deiliskipulagt. Engin ákvörðun verður tekin fyrr en framtíð heimaþjónustunnar og heilsugæslunnar verður ákveðin.

Hugmynd hefur komið að EBAK og bærin myndu sameinast um eignarhald um viðbygginguna.

Sigurður viðraði hugmynd um að peningarnir sem til eru í Byggingarsjóði EBAK yrðu notaðir til uppbyggingar þjónustumiðstöðvar á byggingasvæði Búfestis í Jötunfellsreitnum.

**c. Úlfhildur og Halgrímur hittu Höllu Birgisdóttur um starfsmannamál í Bugðusíðu.** Tillaga um óbreytt fyrirkomulag í janúar og febrúar vegna þess að nýr starfsmaður hjá bænum tekur við um áramót og það gefur honum tíma til að undirbúa málið. Starfsstúlkurnar hafa sagt upp frá áramótum. Til að þær haldi áfram þarf að létta á þeim álag. Það verður að gera með sjálfboðaliðum. Ákveðið að taka vel í þessa beiðni.

**7. Fulltrúar EBAK í öldungaráði koma á fundinn kl. 14:00.** Valgerður Jónsdóttir og Sigríður Stefánsdóttir, fulltrúar EBAK í öldungaráði, komu og gerðu grein fyrir málefnum ráðsins. Sigríður lagði áherslu á að frumkvæðið í starfi ráðsins komi frá fulltrúum EBAK. Fálæti og áhugaleysi gæti oft hjá bæjarstjórn og bæjarkefinu. Áhersla fulltrúa félagsins verður lögð á gerð aðgerðaráætlunar um þjónustu við eldri borgara. Mikil áhersla hefur verið lögð á hjúkrunarheimilin en aðeins 10- 15 % eldri borgara dveljast þar. Lögð verður áhersla á heilsueflingu eldri borgara. Verð á þjónustu við eldri borgara. Valgerður nefndi nokkur dæmi um verð á þjónstu við eldri borgara. Matur er hvergi dýrari en á Akureyri. Heimaþjónusta er víða ódýrara. Sund er víða frítt fyrir eldri borgara en ekki á Akureyri. Reglur um heimaþjónustu er úrelt og þarf að endurskoða.

**8. Greiðsla árgjalda.** Torfhildur sendi þeim sem skulda árgjöld bréf. Þetta hefur borið góðan árangur. U.þ.b. 23 eiga eftir að greiða.

**9. Erindi sem hafa borist EBAK.**

**a. Erindi frá Valgerði Jónsdóttur** um hvort félagið geta komið saman hópi sem taki að sér ýmis viðvik gegn greiðslu td. fataviðgerðit eða viðgerðir á heimilstækjum og fl. Ekki séð að félagið geti staðið í því að mynda svona hóp.

**b. Erindi frá Erlu Ingólfssdóttir** um að EBAK beytti sér fyrir lægra verði fyrir heimsendar vörur. Ekki tekið undir að gera eitthvað í þessu máli.

**10. Önnur mál.**

Engin önnur mál

**11. Fundarslit kl. 15:30**